



Fundargerð

66. fundur Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Hafnargötu 88
17. mars 2026, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn: Hafþór Barði Birgisson, íþrótt- og tómstundafulltrúi, Guðdís Malín Magnúsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Erna María Svavarsdóttir ritari.

* * *

1. Tómsundamiðstöð - kynning (2026030173)

Gunnhildur Gunnarsdóttir, Þórunn Friðriksdóttir og Ólafur Bergur Ólafsson kynntu starfsemi Tómsundamiðstöðvarinnar og þau verkefni sem undir hana heyra.

Lýðheilsuráð vekur athygli á aukinni þörf fyrir þjónustu við ungmenni í sveitarfélaginu. Eftirspurn eftir sumarstörfum fyrir 17 ára ungmenni er veruleg og upplýsingar benda til þess að fyrirtæki á svæðinu hafi í auknum mæli sett 18 ára aldurstakmark. Þá er atvinnuleysi hærra hér en í öðrum sveitarfélögum.

Aðsókn í félagsmiðstöðvar hefur einnig aukist verulega, en mæting hefur aukist um 44% á síðastliðnum mánuði. Ljóst er að þörf er á frekari stöðugildum starfsfólks innan félagsmiðstöðvanna til að mæta þessari þróun.

Jafnframt hafa komið fram áhyggjur af hópi ungmenna, 16 ára og eldri, sem skortir viðeigandi úrræði. Ráðið hvetur til þess að sérstaklega verði skoðaður möguleiki á að hefja markvissa vinnu með þessum hópi, með það að markmiði að auka stuðning, þátttöku og velferð þeirra.

Fyrir liggur mögulegur kostnaðarútreikningur vegna slíkra úrræða sem getur nýst við frekari ákvarðanatöku og útfærslu verkefnisins.

2. Fundargerð Samtakahópsins 11. febrúar 2026 (2025020056)

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Hinsegin opnun Fjörheima (2026030172)

Lýðheilsuráð fagnar því að Fjörheimar séu með opnanir fyrir hinsegin ungmenni og minnir á samning sveitarfélagsins við Samtökin 78 þar sem hægt er að bjóða upp á fræðslu um hinsegin málefni ungs fólks.

4. Farsæld barna - kynning (2023050248)

Eydís Rós Ármannsdóttir, verkefnastjóri skrifstofu velferðarsviðs, kynnti aðgerðaáætlun í innleiðingu farsældar barna í Reykjanesbæ árið 2026.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir greinargóða kynningu á núverandi stöðu og aðgerðaráætlun um farsæld barna í sveitarfélaginu.

5. Mottumars 2026 - viðburður lýðheilsuráðs 24. mars 2026 (2026020181)

Lýðheilsuráð minnir á mottumars. Í tilefni af Mottumars, árlegu árvekni- og fjáröflunarátaki Krabbameinsfélagsins um krabbamein hjá körlum mun ráðið standa fyrir viðburði í samstarfi við Krabbameinsfélag Suðurnesja líkt og undanfarin ár. Viðburðurinn verður haldinn 24. mars n.k. í Vatnaveröld, íbúum er boðið frítt í sund og frá kl. 17:00 til 19:00 verður skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna þar sem lögð er áhersla á heilsu, samveru og stuðning.

Dagskrá:

- 17:00–19:00 DJ Tósi Ljósár sér um tónlistina
- 17:15 Upphitun fyrir 5 km hlaup
- 17:30 5 km hlaup Krabbameinsfélagsins
- 18:00 Krakkahlaup
- Lýðheilsuráð bakar vöflur til styrktar Mottumars

Einkennisorð Mottumars í ár er „Enginn einn“. Með því er minnt á að enginn eigi að þurfa að takast á við krabbamein einn síns liðs og að samfélagið allt standi saman.

Ráðið hvetur íbúa Reykjanesbæjar til að koma með okkur í sund, hugsa um heilsuna og styðja þannig við átak Krabbameinsfélagsins.

6. Sumar í Reykjanesbæ 2026 (2025080282)

Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi sagði frá vinnu við fristundir.is en nú stendur yfir vinna við að taka niður af vefnum þau íþrótt- og tómstundatilboð sem hafa verið auglýst í vetur og hafin er vinna við að safna auglýsingum um það sem verður í boði fyrir börn, ungmenni og fullorðna sumarið 2026.

Hægt er að senda inn auglýsingar um íþrótt- og tómstundatilboð á netfangið sumar@reykjanesbaer.is fyrir 22. apríl n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:30.